

(B. XXXVII, 1).

Nd.

§7. Frumvarp

til laga um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

1. gr.

Sjerstök lánadeild skal stofnuð við Landsbanka Íslands, sem annast lánveitingar til jarðabótaframkvæmda o. fl. samkvæmt lögum þessum. Deildin nefnist Búnaðarlánadeild.

2. gr.

Til ársloka 1926 leggur Landsbanki Íslands deildinni til alt að 500 þús. kr. á ári til útlána. Sjerstakan reikning skal bankinn halda um deildina.

3. gr.

Tilgangur deildarinnar er:

1. að veita lán til jarðabóta með veði i fasteignum á Íslandi.
2. að veita lán til jarðabóta, til stofnunar nýbýla og til stofnunar mjólkurbúa til smjör- og ostagerðar, trygt með ábyrgð bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga.
3. að veita lán til löggiltra fjelaga fasteignaeigenda (sbr. 17. gr. laga nr. 64 1921, um stofnun Ríkisveðbanka Íslands), er hafa með höndum samvinnumannvirki til jarðabóta, svo sem áveitu á engi, samgirðingar eða önnur álíka mannvirki, og sjeu lánin trygð með veði i afgjöldum af eignunum, með samskonar forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum sem opinberir skattar væru.

4. gr.

Tryggingar fyrir lánnum ákveður stjórn Landsbanka Íslands með reglugerð, í samræmi við 12.—20. gr. í lögum nr. 64 1921, um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, að fengnum tillögum frá Búnaðarfelagi Íslands.

5. gr.

Umsókn um lán úr deildinni skal jafnan fylgja áætlun um kostnað við þá landbúnaðarframkvæmd, sem lánið er tekið til, gerð af manni, sem Búnaðarfelag Íslands tekur gildan, enn fremur áætlun um væntanlegan arð af endurbótinni eða verðhækkun vegna hennar.

6. gr.

Stjórn Landsbankans skal leita umsagnar Búnaðarfelags Íslands um lánveitingar úr deildinni.

7. gr.

Lán veitist því að eins úr deildinni, að lántakandi leggi fram til hinna umræddu framkvæmda sem svarar a. m. k. $\frac{1}{3}$ kostnaðar við þær. Alt að helmingi lánsins má greiða strax, en afganginn ekki fyr en verkinu er lokið og skoðun hefir farið fram á því, á kostnað lántakanda, framkvæmd af mönnum, sem Búnaðarfelag Íslands tekur gilda. Ef um stærri fyrirtæki er að ræða, má þó greiða lánið í fleiri hlutum, jafnóðum og verkinu miðar áfram, eftir tillögum Búnaðarfelags Íslands.

8. gr.

Vextir af lánnum úr deildinni mega ekki vera hærri en 4% og láns-timinn eigi skemri en 20 ár og lánin afborgunarlaus fyrstu 4 árin.

9. gr.

Þá er lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands komast til framkvæmdar, skal deild þessi leggjast niður og hverfa inn í hann með þeim hætti, sem stjórnarráðið ákveður í samráði við stjórn Landsbanka Íslands.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1924. Tekur Búnaðarlánadeildin þá þegar til starfa. Framlag Landsbankans til deildarinnar árið 1924 skal vera alt að 250 þús. kr.

Greinargerð.

Langt er síðan raddir hafa heyrst um það, að mikil þörf væri á, að aðgangur væri greiðari að lánsstofnununum um lán til landbúnaðarframkvæmda og lánskjörin væru hagstæðari og í betra samræmi við rekstur þess atvinnuvegar.

Á Alþingi 1916—17 var samþykkt þingsályktunartillaga, þar sem skorað var á landsstjórnina að hlutast til um, að komið yrði upp lánsstofnun fyrir landbúnaðinn. Á Alþingi 1917 var borin fram fyrirspurn til landsstjórnarinnar um framkvæmdir í málinn, sem þá höfðu enn engar orðið. Á Alþingi 1919 var enn samþykkt þingsályktunartillaga, þar sem skorað var á landsstjórnina »að hlutast til um, að komið verði sem fyrst á fót sjerstakri lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, er veitt geti bændum hagkvæmari lán til búnaðarbóta en nú er kostur á«. Þá var Böðvar Bjarkan lögfræðingur sendur til útlanda til þess að kynna erlendur fasteignalánsstofnunum og undirbúa málið i heild sinni. Samdi hann síðan frv. til laga um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, sem peningamálanefnd bar fram á Alþingi 1921 og samþykkt var á þinginu.

Síðan hefir staðið við sama. Er ástæðulaust að víkja að því hjer, hvað því veldur, að Ríkisveðbankinn hefir ekki verið stofnaður. Verður ekki sjeð, að hann verði fremur stofnaður i næstu framtíð.

Þetta er höfuðástæðan fyrir framkomu þessa frv. Alþingi hefir, eins og sýnt er hjer að framan, margsinnis viljað bæta úr þörf landbúnaðarins fyrir hagkvæmari lán og gert ráðstafanir til að fullnægja henni. Þrátt fyrir allar þær ráðstafanir hefir þörfinni ekki verið fullnægt. Og nú hefir bæst enn nýtt við, sem gerir núverandi ástand enn verra. Bændur hafa hingað til getað fengið dálitla úrlausn um lán til landbúnaðarframkvæmda úr Ræktunarsjóði. Nú er það kunnugt orðið, að ekki verður hægt að lána neitt úr þeim sjóði á þessu ári og ef til vill lengur.

Þegar ofan á þetta bætist hið erfiða peningaástand í landinu, er það augljóst, að verði ekkert gert til að bæta úr þörf bænda fyrir hagkvæm lán, hlýtur að verða stórkostleg stöðvun á öllum landbúnaðarframkvæmdum í landinu, sem myndi hafa í för með sjer mjög hættulegan aflurkipp fyrir landbúnaðinn og baka landinu i heild sinni mikið tjón og valda atvinnuskorti.

Tilgangur frv. er að koma í veg fyrir þessar illu afleiðingar. En það er hins vegar ljóst, að ekki er ætlast til, að með því sje lagður grundvöllur að framtíðarskipulagi um lánveitingar til landbúnaðar. Frumv. er reist á grundvelli laganna um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, með hliðsjón af jarðræktarlögunum frá 1922. Er ætlast til, að skipulag það, sem frv. gerir ráð fyrir, sje að eins til bráðabirgða, sem á að hverfa með stofnun Ríkisveðbanka Íslands (sbr. 9. gr.), en það á að bæta úr hinni brýnustu þörf þangað til.

Meginatriðið, sem taka verður til athugunar um frv. þetta, er það, hvort fært sje að leggja svo fyrir, að Landsbanki Íslands leggi fram þá fjárhæð til Búnaðarlánadeildar, sem frv. gerir ráð fyrir. Um það atriði skal þetta tekið fram:

1. Ef athugaðir eru ársfjórðunga- og aðalreikningar Landsbankans frá því í árslok 1921, kemur í ljós, að það sje, sem bankinn jafnan hefir á reiðum höndum, sumpart i sjóði, sumpart í geymslu hjá Íslandsbanka, er að meðaltali $2\frac{3}{4}$ milj. kr. Sú upphæð breytist ekki mjög verulega, og er síst minni árið 1923 en árið 1922.

Þegar þess er gætt, að Landsbankinn hefir stóran sparisjóð og hlaupa-reikning og verður jafnan að vera viðbúinn að aðstoða rikissjóð um fjárframlög, er það ljóst, að bankinn verður jafnan að hafa mikið handbært fje. Þar sem fjármálaástandið hefir verið mjög erfitt og ótryggleiki mikill um allan atvinnurekstur, verður gætni bankastjórnar Landsbankans í þessu efni vitanlega ekki löstuð. En ekki virðist fjarri að gera ráð fyrir, að þetta, að Landsbankinn hefir jafnan svo mikið handbært fje, stafi a. m. k. meðfram af þeirri sjálfsgöðu varúð bankastjórnarinnar, á slíkum tímum sem þessum, að festa ekki fje um of, er nálega allur atvinnurekstur stendur á svo ótryggum grundvelli, að óvist er að beri sig.

Nú mun því hinsvegar ekki verða neitað, að skynsamlega framkvæmdar búnaðarframkvæmdir sjeu hið tryggasta um að gefa arð á þessu landi, að visu ekki mjög skjótan, en því tryggari til frambúðar.

Þar sem í frv. þessu eru gerðar sjerstakar ráðstafanir til þess að tryggja að ekki sje lánað til annara búnaðarframkvæmda en þeirra, sem örugglega munu gefa góðan arð, og þar sem sjerstaklega tryggniiga á að ganga frá veðum fyrir lánum, í samræmi við Ríkisveðbankalögn, virðist með skírskotun til þess, sem áður er sagt, mega draga af þessu þá tvöföldu ályktun:

að Landsbankinn geti lagt fram fje það til Búnaðarlánadeildar, sem frv. gerir ráð fyrir, og

að það sje líka heppilegt frá sjónarmiði bankans að geta ávaxtað fje almennings á þennan hátt.

2. Á síðasta þingi var borin fram fyrirspurn um það, hvernig veltufje bankanna skiftist milli atvinnuveganna. Treystust bankarnir ekki til að veita svör við því að sinni, en hjetu góðu um að láta rannsókn fara fram, sem leyst gæti úr þeirri fyrirspurn. Nú mun sú rannsókn ekki hafa farið fram enn, en undirrétt þessarar fyrirspurnar mun hafa verið sú, að engum blandast hugur um, að landbúnaðurinn hefir fengið hlutfallslega lítið af rekstrarfje bankanna að láni. Að visu hefir flutningsmaður þessa frv., sem er yfirskoðunarmaður Landsbankans, gert lauslega áætlun um þá skifting rekstrarfjárins um áramótin 1922—23, sem benti í þá átt, að þessi almenna skoðun hefði við rök að styðjast, en þar sem sú athugun náði einungis til bankans sjálfs, en ekki til útbúanna, og þar sem ítarleg rannsókn á að fara fram um þetta atriði, þykir ekki rjett að geta þeirrar áætlunar frekar. Og svo er hins að minnast, að Íslandsbanki ræður yfir mun meira veltufje en Landsbankinn, og sá banki er aðallega verslunar- og sjávarútvegsbanki. Meðan ekki kemur annað fram virðist því óhætt að telja vist, að landbúnaðurinn sje mjög útundan um lánsfje hjá bönkunum. Þó er hann atvinnuvegur 40 % af þjóðinni, hefir orðið á eftir um að fylgjast með kröfum tímans, hefir því geysimikla þörf fyrir aukið rekstrarfje, enda mun ekki deilt um þýðing hans fyrir þrif þjóðfelagsins og andlega og líkamlega hreysti þjóðarinnar.

3. Enn skal bent á þetta, að með miklum likum, sem nálgast vissu, má gera ráð fyrir, að Landsbankanum aukist rekstrarfje von bráðar, þar sem telja má vist, að hann fái smátt og smátt aukinn seðlaútgáfurjett í sínar hendur og að slík lán sem þessi verða að teljast svo sjerstaklega nauðsynleg, að þeirra vegna mætti fremur, ef nauður ræki til, draga úr annari lánastarfsemi, og ber þá

enn að sama brunni, að ekki sje ofmikið lagt á Landsbankann með framlögum þeim, sem honum er ætlað að veita Búnaðarlánadeildinni í frv. þessu.

4. Loks má geta þess, að frv. stofnar ekki til neins kostnaðar um starfsmannahald sem teljandi sje. Engin ný yfirstjórn flýtur af frv.

Hinsvegar er öldungis vist, nái frv. fram að ganga, að þá mun það draga úr hinu mikla atvinnuleysi í landinu og beina fjármagni bankans að þeim framkvæmdum, sem eru þjóðinni farsælstar og gefa jafnframt tryggastan arð.